

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2024

2024/EES/76/17

frá 5. júlí 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/891 frá 22. mars 2024 um breytingu á II. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0891:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/891 frá 22. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/891, 25.3.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0891:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/891 frá 22. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/891, 25.3.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/891, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/891, 25.3.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður